

**Níundi fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn miðvikudaginn 19. mars 2014 í fundarherbergi á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 16:30.**

**Fundinn sátu:** Rúnar Bragi Guðlaugsson, Inga Hersteinsdóttir, Hugrún Þorgeirsdóttir, Magnús Dalberg, Leifur Guðjónsson, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

*Vakin athygli á breyttu númerakerfi. Í stað þess að telja fundi frá upphafi árs er nú talið áfram frá síðasta ári.*

#### **Dagskrá:**

##### **1. Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla- og hollustuhátta og mengunarvarna.**

- a. Davíð Már Sigurðsson sækir um starfsleyfi fyrir heildverslun með fæðubótarefni Söluafli ehf. að Þverholti 2 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu skv ákvæðum matvælalaga til 12 ára dagsett 30. janúar 2014.  
*„Staðfest“*
- b. Kristín Ýr Pálmarsdóttir sækir um starfsleyfi fyrir hársnyrtistofu, Skonsan með aðsetur að Spóahöfða 17 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu með starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur til 12 ára dagsett 30. janúar 2014.  
*„Staðfest“*
- c. Laufey Birkisdóttir sækir um starfsleyfi fyrir snyrtistofu, Leila með aðsetur að Eiðistorgi 13 á Seltjarnarnesi. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu með starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur til 12 ára dagsett 30. janúar 2014.  
*„Staðfest“*
- d. Steinunn Svavarsdóttir sækir um starfsleyfi fyrir íbúðagistingu að Hveramýri 1 í Mosfellsdal. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu með starfsleyfisskilyrðum fyrir gististaði, heimagistingu til 12 ára dagsett 26. febrúar 2014.  
*„Staðfest“*
- e. Matfugl sækir um starfsleyfi fyrir alifuglasláturhúsi að Völuteigi 2, Mosfellsbæ. Umsóknin var áður á dagskrá á fundi þann 22. janúar sl.  
*„Samþykkt til 12. ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir Matfugl ehf. Heilbrigðisnefnd fellst á að fresta ákvæði í grein 6.3 um efnafræðilega meðhöndlun skólps þar sem skólp er nú leitt í fráveitu Mosfellsbæjar sem gerir ekki athugasemdir við þá tilhögun.“*

##### **Umsóknir um tóbaksleyfi.**

- f. Enric Már Teitsson sækir um endurnýjun leyfis til tóbakssölu fyrir verslun Hagkaups að Eiðistorgi 11 á Seltjarnarnarnesi. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu skv. 8. gr. tóbaksvarnarlaga til 4 ára dagsett 31. janúar 2014.  
*„Staðfest“*

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- g. Guðlaugur Pálsson sækir um endurnýjun leyfis til tóbakssölu fyrir Snæland verslun Tanya ehf. að Háholti 14 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu skv. 8. gr. tóbaksvarnarlaga til 4 ára dagsett 31. janúar 2014.

„Staðfest“

### Tímabundin starfsleyfi vegna mengunarvarna

- h. Seltjarnarnesbær sækir um tímabundið leyfi til að haugsetja stórgrýti í fjöru við Norðurvík á Seltjarnarnesi. Með umsögninni var lögð fram umsögn Umverfisstofnunar um framkvæmdina dagsett 4. mars 2014

Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi leyfið þann 13. mars 2014 til eins árs.

„Staðfest“

## 2. Umsagnir fyrir veitinga og gististaði

- a. Félagsgarður í Kjós, rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund samkomusalur.

Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 21. febrúar 2014 þar sem óskað er umsagnar um umsókn um breytingu úr flokki I í flokk II fyrir þennan stað.

Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 26. febrúar.

„Staðfest“

- b. Kiðafell 1 í Kjós, rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki I, tegund heimagisting.

Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 25. febrúar 2014 þar sem óskað er umsagnar um umsókn um endurnýjun fyrir þennan stað.

Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 26. febrúar.

„Staðfest“

- c. Steinunn Svavarsdóttir, rekstrarleyfi fyrir gististað Hveramýri 1 í flokki II, tegund íbúð. Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 11. febrúar 2014 þar sem óskað er umsagnar um umsókn um nýtt leyfi fyrir þennan stað.

Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 26. febrúar.

„Staðfest“

## 3. Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis árið 2013.

Ársreikningur HEK2013 var lagður fram.

Heilbrigðisnefnd staðfestir ársreikning Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis fyrir árið 2013.

## 4. Mál í vinnslu hjá heilbrigðiseftirliti

- a. Brúnegg ehf - Meðferð úrgangs

- Lagt fram bréf til Brúneggja ehf. dagsett. 18. febrúar 2014.
- Lagt fram bréf Brúneggja ehf. dagsett 26. febrúar 2014
- Jafnframt kynnt umfjöllun í DV um málið.

„Heilbrigðisnefnd ákveður að veita Brúneggjum ehf. áminningu vegna brota á starfsleyfisskilyrðum frá 2005, sem upp eru talin í bréfi heilbrigðiseftirlits til fyrirtækisins dagsett 18. febrúar 2014. Heilbrigðisnefnd álitur að Brúnegg ehf. sé ábyrgt fyrir meðhöndlun úrgangs frá búinu og því beri að tryggja að meðhöndlun úrgangsins sé í samræmi við reglugerðir um meðhöndlun úrgangs og starfsleyfisskilyrði fyrirtækisins. Ef búið kys að gefa úrganginn til nýtingar á tún til aðila sem ekki hefur starfsleyfi til meðhöndlunar úrgangs beri fyrirtækið sjálft ábyrgð á meðhöndluninni. Fyrirtækinu hefur ekki tekist

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

*að sýna fram á hvernig skítur frá fyrirtækinu er látinn ryðja sig í 2 mánuði. Í framhaldi óskar heilbrigðisnefnd eftir úrbótaáætlun hvernig fyrirtækið hyggst uppfylla starfsleyfisskilyrði sín í samræmi við framangreint.*

*Heilbrigðisnefnd telur að fyrirtækinu beri að greiða útgefinn reikning vegna eftirlits með meðferð úrgangs frá búinu að upphæð kr. 80.000.-*

- b. Lagt fram minnisblað heilbrigðiseftirlits dagsett 23. janúar 2014 vegna umgengni á lóðinni Brattholt 1.

*„Heilbrigðisnefnd tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í minnisblaði heilbrigðiseftirlits vegna umgengni á lóðinni Brattholti 1.*

- c. Minnisblað heilbrigðiseftirlits til umhverfisnefndar Mosfellsbæjar dagsett 7. janúar 2014.

*„Heilbrigðisnefnd ræddi stöðu mála vegna mengunar sem berst óreglubundið með ofanvatnslögnum bæjarins í ár og læki í bæjarfélaginu. Heilbrigðisnefnd hvetur til þess að Mosfellsbær láti kortleggja þá staði sem æskilegt er að hreinsa ofanvatn frá íbúðar- og iðnaðarhverfum og að gerð verði langtímaáætlun um slíkar framkvæmdir með það markmiði að minnka óreglulega mengun í ám og lækjum. Heilbrigðisnefnd er reiðubúin til samstarfs um slíka vinnu.“*

- d. Dalsbú ehf. staða starfsleyfis.

*„Framkvæmdastjóri kynnti stöðu mála vegna fyrirliggjandi umsóknar fyrirtækisins um starfsleyfi.*

- e. Úttekt á ofanvatnshreinsimannvirkjum í Mosfellsbæ.

*„Kynnt að heilbrigðiseftirlitið muni taka út virkni ofanvatnshreinsimannvirkja í Mosfellsbæ á árinu í samvinnu við Umhverfissvið Mosfellsbæjar.“*

- f. Skoðun Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis á gömlum urðunarstað við hesthúsahverfið á bökkum Köldukvíslar.

Framkvæmdastjóri greindi frá upplýsingum sem borist hafa um gamlan urðunarstað við hesthúsahverfið í Mosfellsbæ.

Jafnframt lagt fram bréf umhverfisstjóra Mosfellsbæjar þar sem bókun umhverfisnefndar Mosfellsbæjar frá síðasta fundi er kynnt.

*„Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.“*

- g. Samþykkt um hæsnahald í Mosfellsbæ.

Kynnt að vinna við gerð samþykktar er ekki lokið en ráðgerð að henni ljúki á vordögum.

### 5. Starfsleyfi og deiliskipulag.

Lögð var fram breytingarreglugerð nr. 214/2014 á reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Jafnframt var kynntur dómur hæstaréttar nr. 651/2013.

*Með framangreindum gögnum hefur umhverfi starfsleyfisútgáfu breyst þannig að deiliskipulag er ekki lengur forsenda starfsleyfis.*

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

### 6. Gasskiljustöð Sorpu Álfsnesi - Matsskylda.

- Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags 20. febrúar 2014 vegna ákvörðunar um matsskyldu Gasskiljustöðvar í Álfsnesi.
- Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis frá 28. janúar 2014 vegna málsins.

*„Lagt fram til kynningar.“*

### 7. Styrkur brennisteinsvetnis.

- Lagt fram erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis (UAR) frá 24. febrúar 2014 þar sem óskað er umsagnar heilbrigðiseftirlitsins á erindi Orkuveitu Reykjavíkur um undanþágu frá hertum ákvæðum um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti.

*„Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að senda svar til UAR í samræmi við umræður á fundinum. Framkvæmdastjóra falið að útbúa minnisblað um möguleikann á að koma upp færanlegri loftgæðamælistöð.“*

### 8. Fundir

- a. 102 fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 18:40.